

Simmi og Jói:
Hjónasvipurinn leynir sér ekki
• pelsar • baunir
Fylgir Fréttablaðinu í dag



Björgvin Richter bakari:
Bolluhelgin fram undan
• matur • tilboð
í miðju blaðsins



Stjörnuleit:
Bítlabærinn Keflavík
• í aðalhlutverki í idol
SÍÐA 34



Dýraföt:
Tiskusýning hunda
• haldin í iðu á morgun
SÍÐA 30



FRÉTTABLAÐIÐ

4. febrúar 2005 – 33. tölublað – 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR




HAFNAR KLÓRVINNSLU Bæjarráð Kópavogs samþykkti á fundi í gær að fyrirtækið Mjóll Frigg fengi ekki tímabundið starfsleyfi í Kópavogi. **Sjá síðu 2**

SKATTSVIK VERÐUR AÐ UPPRÆTA Geir H. Haarde segir eðlilegt að einstaklingar og fyrirtæki nýti sér löglegar leiðir til að lágmarka skattgreiðslur sínar. **Sjá síðu 4**

BOÐSFERÐIR LÆKNA Á FIMMTA HUNDRAÐ Íslenskir lækna fóru í 469 ut-landsferðir í boði lyfjafyrirtækja í fyrra. Þingmaður segir reglur skorta um slíkar boðsferðir. **Sjá síðu 6**

ÁHRIFIN GETA ORÐIÐ VERULEG Á 50 ÁRUM Vísindamenn hafa kortlagt hversu mikil áhrif loftslagsbreytingar kunna að hafa á lífríki jarðar. Sé tekið mið af síðustu rannsóknum geta áhrifin orðið veruleg um miðja öldina. **Sjá síðu 8**



FROST Á FRÓNÍ Norðlæg átt. Snjökoma og síðar el á Norð-austur- og Austurlandi en bjartviðri syðra. Frost 0 -8 stig, kaldast til landsins fyrir norðan. **Sjá síðu 4**



FYRIRLESTUR UM NAUÐGUN Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir heldur fyrirlestur í Lögbergi, stofu 101 klukkan 12.15 í dag, um efni kandidatsritgerðar sinnar til embættisprófs í lögfræði og ber ritgerðin heitið „Nauðgun frá sjónarhorni kvennaréttar“.

Kvikmyndir	26	Myndlist	28
Tónlist	28	Íþróttir	22
Leikhús	28	Sjónvarp	32

Meðalrestur dagblaða 18-40 ára

62% Fréttablaðið

38% Morgunblaðið


Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

Framsóknarflokkurinn tekur mikla dýfu

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast aðeins átta prósent kjósenda styðja Framsóknarflokkinn yrði kosið nú. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin mælast svo til jöfn.

SKOÐANAKÖNNUN Skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi stjórnmálaflokkanna er á svipuðum nótum og áður kannanir, að öðru leyti en því að Framsóknarflokkurinn tekur mikla dýfu. Þetta segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, en samkvæmt könnuninni styðja átta prósent kjósenda flokkinn. Hann segir möguleika á að sá styr sem hefur staðið um flokkinn að undanförunu geti valdið þessu. Hann bendir á að Framsóknarflokkurinn komi oft illa út í könnunum, þó að hann fái sjaldan svona lítið fylgi. Á síðasta ári fékk flokkurinn tvisvar svipað fylgi og nú í könnunum Fréttablaðsins. Í júní fékk flokkurinn 8,1 prósent fylgi og í júlí sögðust 7,5 prósent styðja flokkinn.

Sjálfstæðisflokkurinn eykur fylgi sitt nokkuð frá síðustu könnunum og fær nú stuðning hjá 35 prósentum kjósenda, eða álíka mikla fylgi og Samfylkingin fær samkvæmt könnuninni. Stjórnflokkarnir tveir fá ekki meirihlutfylgi samkvæmt könnuninni, heldur njóta þeir stuðnings 43 prósent kjósenda. Flokkarnir tveir myndu fá 28 þingmenn yrði boðað til kosninga nú, Framsókn fengi fimm en Sjálfstæðisflokkurinn 23 þingmenn. Ólafur segir að fylgið við stjórna hafi verið í



út úr korti miðað við það sem verið hefur. Vinstri-grænir njóta nú 14,4 prósent fylgis sem er nokkuð meira en flokkurinn fékk í kosningum. Í könnunum blaðsins hefur flokkurinn samt ekki notið minni stuðnings síðan í maí á síðasta ári. Miðað við þetta fylgi fengi flokkurinn nú þingmenn, í stað fimm. Stuðningur við Frjálslynda flokkinn rúmlega tvöfaldast miðað við könnun blaðsins í nóvember og mælist nú 6,7 prósent. Það er aðeins minna en flokkurinn fékk í kosningunum en flokkurinn heldi sínum fjórum þingmönnum.



METÞÁTTAKA VAR Á FUNDI FÉLAGS FRAMSÓKNARMANNA Í KÓPAVOGI Í GÆRKVÖLD Siv Friðleifsdóttir þingmaður og Páll Magnússon, varaþingmaður og aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, mættu á aðalfund Félags framsóknarmanna í Kópavogi í gær. Alls mættu um 250 félagar á fundinn og var sitjandi stjórn endurkjörin. Í gær höfðu borist um 150 nýskráningar í félagið og hafa því um 250 nýir framsóknarmenn bæst við í framsóknarfélögin þrjú í Kópavogi undanfarna daga. **Sjá síðu 2**

Vinnsla á lokaspretti hjá Landlæknisembættinu: Líknarskrá yfir hinsta vilja fólks

LANDLÆKNIR Líknarskrá þar sem fólk getur skráð og undirritað hinsta vilja sinn varðandi læknismeðferð er í smíðum hjá Landlæknisembættinu, að sögn Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Hann tjáði Fréttablaðinu að gert væri fyrir að hún yrði tilbúin eftir nokkrar vikur. „Líknarskráin er plagg þar sem fólk gefur upp þá meðferð sem það vill að sé ekki veitt undir ákveðnum kringumstæðum,“ sagði landlæknir. „Þar er hægt að taka fram, að fólk vilji ekki láta endurlífga sig eða hnoða sig í gang ef hjartað stoppar. Jafnframt, að það vilji ekki fara í öndunarvél fái það mjög al-



LÆKNISMEÐFERÐ Í líknarskrána getur fólk skráð þá læknismeðferð sem að það vill að sé ekki veitt undir ákveðnum kringumstæðum.

varlegan öndunarsjúkdóm sem ekki er líklegt að sé hægt að lækna, að það vilji ekki fara í blóðskilun, vilji ekki láta gefa sér sýklalyf sé það komið með krabbamein á lokastigi og svo má áfram telja. Það vilji sem sagt fá að eiga síðustu dagana, vikurnar eða mánuðina í sínu lífi á eins virðulegan hátt og kostur er og að eigin vilja.“ Líknarskráin tekur einnig til líffæragjafa að sögn landlæknis. Þá útnefni viðkomandi fulltrúa, ættingja eða vin, sem hann treystir til að fara með sín mál á grundvelli undirritaðrar viljafyrirlýsingar, geti hann sjálfur ekki tekið ákvörðun.

Spá um krónuna:
Líkur á lækun

EFNAHAGSMÁL Krónan er ofmetin og veiking hennar rökrétt skref að mati greiningardeidar Íslandsbanka. Íslandsbanki kynnti í gær skýrslu um gengi krónunnar. Þar er því spáð að krónan muni leita jafnvægis í fimmtungi lægra gengi en nú. Gengi krónunnar er nú afar hátt og raungengið nálægt sögulegu hámarki. Greining Íslandsbanka telur líkur á því að leiðréttingin geti orðið hröð með skammvinnu verðbóluskoti sem fari langt yfir þölmörk Seðlabankans. Íslandsbanki telur að verðbólga geti orðið meira en átta prósent um mitt árið 2006.

- hh
sjá síðu 20

Útsölulok ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR út helgina

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



SPURNING DAGSINS

Guðmundur, á Össur ekki meiri möguleika í Framsókn?

„Hann er alltaf í Framsókn.“

Guðmundur Árni Stefánsson er þingmaður Samfylkingarinnar sem kys sér formann innan skamms. Ingibjörg Sólrún þykir sigurstranglegr en meiri óvissa ríkir hins vegar um væntanlegan landsfund Framsóknarflokksins.

Ísraelsstjórn: Kallar her frá Jeríkó

ÍSRAEL AP Ísraelska ríkisstjórnin samþykkti í gær að sleppa 900 Palestínómönnum úr fangelsi og að kalla hersveitir sínar frá Jeríkó á Vesturbakkanum innan fárra daga. Með þessu vildi stjórnin sýna friðarvilja fyrir fund Ariels Sharon forsætisráðherra og Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heima-stjórnarinnar, í næstu viku.



HERNAÐARÆFING Ísraelskir hermenn sjást hér á æfingum í Suður-Ísrael.

Ríkisstjórnin staðfesti einnig ákvörðun hersins um að hætta árásum á eftirlýsta palestínska vígamenn og samþykkti að skipa nefnd með Palestínómönnum sem ákveður hvað eigi að gera með mennina. ■

Íranski flóttamaðurinn: Umsókn til skoðunar

HORNAFJÖRÐUR Íranski flóttamaðurinn sem gaf sig fram við lögreglu á Hornafirði á þriðjudagskvöld og óskaði eftir pólitísku hæli á Íslandi var sendur til Reykjavíkur í gær. Þar munu starfsmenn Útlendingastofnunar taka afstöðu til umsóknarinnar.

Lögreglan á Hornafirði hefur rannsakað málið síðustu daga. Ekki hafa nákvæmar ferðaleiðir mannsins fengist staðfestar en líklegt þykir að maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, hafi komið með skipi til landsins. Norræna kom til dæmis til Seyðisfjarðar þennan sama dag.

Samstarf hefur verið við túlk frá Alþjóðahúsi. - ghs

Mjöll Frigg fær ekki bráðabirgðastarfsleyfi: Bæjarráð Kópavogs hafnar klórvinnslunni

KLÓRVERKSMÍÐJA MJÖLL Frigg fær ekki tímabundið starfsleyfi í Kópavogi. Bæjarráð samþykkti það á fundi í gær.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi meirihlutans fyrir Framsóknarflokkinn, segir ljóst að fyrirtækið fái hvorki bráðabirgða- né framtíðarleyfi til klórvinnslu á Kársnesi í Kópavogi.

Ómar segir að samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á fundinum hafi MJÖLL Frigg nú klárað klórgasbirgðir sínar.

Eins og fram hefur komið greindi eigandi Mjallar Friggjar frá því á fundi bæjarráðs 12. janúar að fyrirtækið ætti klórgasbirgðir

til klórfraðleiðslu sem dygðu í tvo til þrjá mánuði.

Umhverfissráðuneytið biður enn umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins um hvort veita eigi fyrirtækinu bráðabirgðaleyfi samkvæmt upplýsingum þaðan.

Klórfraðleiðslu fyrirtækisins hefur verið mótmælt því leki klórgas út í andrúmsloft geti skapast hætta í allt að 2,7 kílómetra fjarlægð, auk þess sem fyrirtækið starfi án leyfa.

- gag

AF VINNUSVÆÐI MJALLAR FRIGGJAR Bæjarstjórnin og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá þegar greidd voru atkvæði um bráðabirgðastarfsleyfi til klórfraðleiðslu.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Metþátttaka á framsóknarfundum

Metmæting var á aðalfund Félags framsóknarmanna í Kópavogi í gærkvöld. Aðstoðarmaður Árna Magnússonar var endurkjörinn í stjórn. Framsóknarmenn í Reykjavík suður kusu fulltrúa á flokksþing án nokkurra átaka.

STJÓRN MÁL Framsóknarmenn eru ekki á einu máli um hvaða þýðingu kjör stjórnar Félags framsóknarmanna í Kópavogi, sem fram fór í gærkvöld, hafi fyrir bræðurna Árna og Pál Magnússyni. Athygli vakti að Sigurjón Örn Þórsson, aðstoðarmaður Árna Magnússonar félagsmálaráðherra, fékk 98 af 180 gildum atkvæðum. Hann hafði sjálfur skilað inn um 90 nýskráningum á skrifstofu flokksins fyrir lokun í gær.

Metþátttaka var á fundinum og var fjöldi fundarmanna til marks um þau átök sem átt hafa sér stað í flokknum að undanfögnu. Alls mættu um 250 manns á fundinn en í gær höfðu borist rúmlega 150 nýskráningar í félagið.

Formaður félagsins, Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi, var



Á FUNDI FRAMSÓKNARMANNA Í REYKJAVÍK SUÐUR

Engar nýskráningar urðu fyrir fundinn í Reykjavík, líkt og gerðist í Kópavogi.



FRÁ FUNDI FÉLAGS FRAMSÓKNARMANNA Í KÓPAVOGI Í GÆR

Alls mættu 250 manns á fundinn og var biðroð út úr dyrum í Menntaskólanum í Kópavogi því fara þurftu yfir hvert nafn í skrá félagsins.

endurkjörinn og meirihluti stjórnarinnar einnig. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins samþykkti fundurinn tillögu um að ná þurfi sáttum innan stjórnar um tilnefningu fulltrúa félagsins í fulltrúaráð, kjördæmisþing og flokksþing, annars verði kosið um þá á almennum félagsfundum.

Framsóknarmenn í Reykjavík suður kusu 59 fulltrúa á flokksþing á almennum félagsfundum í gærkvöldi. Þess hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu hvort nýskráningarnar sem átt hafa sér stað í Kópavogi myndu eiga sér stað í framsóknarfélögum utan bæjarfélagsins. Það gerðist ekki og því virðast átökin

um fulltrúa á flokksþing bundin við Kópavog.

Að sögn Sigrúnar Jónsdóttur, formanns félagsins, var tillaga stjórnar um fulltrúa samþykkt og mikilli ánægju lýst yfir vinnubrögðum félagsins við val á fulltrúum. „Stjórnin auglýsti eftir fólki sem hefði áhuga á að sitja flokksþingið og genu þeir fyrir sem hafa verið að vinna í málefnum í Reykjavík enda á þingið fyrst og fremst að snúast um málefnum starf og mótun stefunnar,“ segir Sigrún. Auk hinna kjörnu fulltrúa eru 20 miðstjórnarfulltrúar félagsins sjálfkjörnir á flokksþing.

sda@frettabladid.is

Óliusamráð: Borgin útbýr kröfugerð

BORGARMÁL Borgarráð samþykkti í gær að fela Vilhjálm H. Vilhjálmssyni hæstaréttarlögmanni að útbúa kröfugerð á hendur Ólís, Essó og Skeljungu vegna ólög-mæts samráðs þeirra.

Steinnur Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri lagði fram tillöguna sem var samþykkt. Borgaryfirvöld telja sig eiga rétt á skaðabótum frá ólíufélögnum þar sem þau hafi haft samráð í ýmsum útböðum borgarinnar. Þegar kröfugerðin liggur fyrir verður hún kynnt í borgarráði áður en hún verður lögð fram.

- th

Árás í Mosfellsbæ: Fáfnismaður stunginn

LÖGREGLUMÁL Maður var fluttur á spítala eftir að hafa verið stunginn í heimahúsi í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöld. Að sögn lögreglu hefur maður verið handtekinn og úrskurdaður í gæsluvarðhald til 10. febrúar vegna árássinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun sá sem var stunginn vera félagi í vélhjólaklúbbnum Fáfnir og hefur áður komið við sögu lögreglu. Hann var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans í kjölfar hnífstungunnar en sár hans munu ekki hafa verið lífshættuleg.

- bs

Akranes:

Tekinn með fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir við Hvalfjardargöngin síðdegis í gær vegna gruns um að þeir hefðu fíkniefni í förum sínum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu í Akranesi fannst lítillæði af amfetamíni við leit á öðrum þeirra.

Í framhaldinu var leitað á heimili mannsins og fundust þar nokkur grömm af hassi. Við yfirheyrslur viðurkenndi hann að eiga efnin og viðurkenndi einnig sölu á fíkniefnum undanfarna mánuði. Málið er í rannsókn. - bs

Forsætisráðherra Georgíu: Zhavnia lést úr gaseitrun

GEORGÍA AP Zurab Zhavnia, forsætisráðherra Georgíu, fannst látinn á heimili vinar síns. Svo virðist sem gaseitrun hafi orðið honum og vini hans að aldurtíla.

Lögreglumenn sem hafa rannsakað íbúðina segja enga ástæðu til að ætla að morð hafi verið framið heldur hafi verið um slyss að ræða. ■

Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

Metfjöldi farþega í millilandaflugi

FLUGSTÖÐIN Farþegum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp sextán prósent í janúar miðað við sama tíma í fyrra. Þeir hafa aldrei verið fleiri í janúarmánuði eða tæpla 86 þúsund. Milli árunna 2003 og 2004 fjölgaði farþegum um fjórtán prósent.

Hrönn Ingólfssdóttir, forstöðumaður markaðssviðs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, segir enga haldbæra skýringu liggja fyrir um fjölgun farþega. Í fyrra hafi verið gripíð til skýringa eins og að flugfélagið Iceland Express hafi bæst við markaðinn.

„En almennt teljum við að landinn ferðist meira þar sem fleiri ferðir eru í boði á veturna

en var. Fólk fer mikið til sólarlanda. Kannski spilar veðrið inn í aukna ásókn,“ segir Hrönn. Það séu þó aðeins vangaveltur.

Farþegum um Flugstöðina fjölgaði um tuttugu prósent milli árunna 2003 og 2004 eða um 270 þúsund og voru um 1,6 milljónir. Samkvæmt könnun breska fyrirtækisins BAA Plc er talið að þeir verði 3,1 milljón árið 2015. - gag

Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Miklar breytingar hafa verið gerðar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þær miða meðal annars að því að geta tekið á móti 3,1 milljón gesta árið 2015.



FRÉTTABLAÐIÐ/ROBERT

SUBARU
MED HUGANN VÍÐ AKSTURINN

Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000

=200.000
króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán 29.956,-*

Ingvor Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Blasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% línuborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

FJÁRMÁL & TRYGGINGAR

ÞÚ FÆRÐ MEIRA

VÖ XT UR

Vöxtur er alhliða fjármálaþjónusta sem samanstendur af bankaþjónustu KB banka, tryggingaþjónustu frá VÍS, Lífís og Alþjóða líftryggingarfélaginu og bílafjármögnun frá Lýsingu.

Vöxtur færir þér ekki aðeins aukna þjónustu heldur nýtur þú hagræðisins í beinhörðum peningum.

Þú færð meira með Vexti!

- Kynntu þér málið hjá þjónustufulltrúa í næsta KB banka eða á þjónustuskrifstofu VÍS.
- Í síma 444 7000 eða 560 5000.
- Á vefnum www.voxtur.is.

- Endurgreiddir vextir af skuldabréfalánum
- Frítt kreditkort
- Afsláttur af debetkortafærslum
- Frí innbúskaskótrygging
- Afsláttur af grunntryggingum
- Afsláttur af líf- og sjúkdómatryggingum
- Afsláttur af bílafjármögnun



KB BANKI

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 03.02.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	61,76	62,06
	Sterlingspund GBP	116,71	117,27
	Evra EUR	80,46	80,92
	Dönsk króna DKK	10,81	10,87
	Norsk króna NOK	9,73	9,79
	Sænsk króna SEK	8,88	8,93
	Japanskt jen JPY	0,59	0,60
SDR XDR		93,84	94,40

Gengisvísitala krónunnar
110,71 +0,41%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Skattsvik verður að uppræta

ALÞINGI „Það er eðlilegt að einstaklingar og fyrirtæki nýti sér þær leiðir sem löglegar eru til að lágmarka skattgreiðslur sínar, en skattsvik má ekki umbera. Skattsvik misbjóða réttlætiskennnd fólks og þau verður að uppræta.“ Þetta sagði Geir H. Haarde fjármálaráðherra á Alþingi í gær er hann ræddi um skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi. Í skýrslunni, sem birt var í desember, kom fram að skattsvik á Íslandi nema allt að 35 milljörðum króna.

Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, benti á að upphæðin væri stærri en sú sem fer í að reka allt skólakerfið á

ÁÆTLAÐAR TAPAÐAR SKATTEKJUR RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA 2003 VEGNA SKATTSVIKA Í MILLJÖRÐUM KRÓNA:

Svört atvinnustarfssemi og aðrar vanframtaldar tekjur	18-24
Bókhalds- og framtalssvik	4,5-6
Skattsvik í gegnum erlend samskipti	3-4,5
Samtals	25,5-34,5

Íslandi, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.

Hún gagnrýndi fjármálaráðherra fyrir að koma ekki með skýr svör við því hvaða aðgerða grípa ætti til svo sporna mætti við skattsvikum.

Geir sagði að í skýrslunni væru margar góðar tillögur sem myndu nýtast við þróun og úrbætur á skattkerfinu. „Munu þær án efa

nýtast við þá fjölbreytilegu vinnu sem fram fer í fjármálaráðuneytinu á sviði skattamála, við tillögugerð í lagasetningu, þróun skattframkvæmdar og alþjóðastarf á sviði skattamála,“ sagði hann.



GEIR H. HAARDE Á ALÞINGI Í GÆR: „Skattsvik misbjóða réttlætiskennnd fólks og þau verður að uppræta.“

Vilja ekki slökkva: Dregið fyrir stjórnurnar

BORGARMÁL Borgaryfirvöld hafa hafnað hugmynd menningar- og ferðamálasviðs borgarinnar um að slökkva tímabundið á götulýsingu í Reykjavík.

Fjallað var um málið í borgarráði í gær. Hugmynd menningar- og ferðamálasviðs snerist um að krydda mannlífið í höfuðborginni og opna borgarþúum sýn til stjórnuhiminsins með því að slökkva á götulýsingu. Í bókun borgarráðs er þakkað fyrir hugmyndina en sagt að götuljós séu öryggistæki og sjái borgarráð ekki æft að svo stöddu að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. -th

Samfylkingin: Ákall á jafnaðarstjórn

SKOÐANAKÖNNUN „Þessi könnun staðfestir góða stöðu flokksins, eins og aðrar kannanir að undanförunu hafa sýnt,“ segir Kristján L. Möller, varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar. „Kjösendur meta störf okkar og málflutning og málefnalega stjórnarandstöðu. Þetta sýnir að hægri stjórn Halldórs og Davíðs er þreytt og rúin trausti og fólk er dauðþreytt á henni. Þetta er ákall þjóðarinnar á stjórn jafnaðarmanna.“ - ss

Guðjón A. Kristjánsson: Ánægjuleg tíðindi

SKOÐANAKÖNNUN „Við erum mjög ánægð með það þegar við mælumst vel í skoðanakönnunum og höfum orðið vör við stuðning fólks við okkar málefni,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, um niðurstöður könnunarinnar. Flokkurinn bætir lítilliga við sig frá síðustu könnun en er rétt undir kjörfylgi. - bs

Vinstri-grænir: Auka fylgið

SKOÐANAKÖNNUN „Það sem ég staldra fyrst við er sú staðreynd að samkvæmt þessari könnun gæti stjórnarandstaðan myndað ríkisstjórn með bærilegum meirihluta ef þetta væru úrslit í kosningum,“ segir Ögmundur Jónsson, formaður þingflokks Vinstri-grænna. „VG eykur samkvæmt þessari könnun fylgi sitt frá síðustu kosningum. En á hinn bóginn dölum við heldur sé lítið til síðustu skoðanakönnunar Fréttablaðsins. En við látum það ekki slá okkur út af laginu.“ ■


Framsókn myndi missa sjö þingmenn

Fylgi Framsóknarflokksins dalar verulega samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi Sjálfstæðisflokksins eykst frá síðustu könnun. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru nú svo gott sem jafnstórir flokkar.

SKOÐANAKÖNNUN Framsóknarmenn myndu missa sjö þingmenn, yrði kosið nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi Framsóknarmanna hefur ekki mælt þetta lítið í skoðanakönnun Fréttablaðsins síðan í júní og júlí á síðasta ári. Á öðrum tímum hefur flokkurinn alltaf mælt með fylgi yfir tíu prósentum.

Mikill munur er á fylgi flokksins á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Um 12,8 prósent fólks á landsbyggðinni segjast styðja Framsóknarflokkinn en einungis 4,8 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er mun meiri munur en mældist í könnun blaðsins í nóvember, þegar 14,8 prósent fólks á landsbyggðinni sögðust styðja Framsóknarflokkinn en 10,4 prósent fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Sjálfstæðisflokkurinn eykur fylgi sitt nokkuð síðan í nóvember á síðasta ári þegar fylgið mældist með rétt rúm 30 prósent. Nú




FJÖLDI ÞINGMANNA í síðustu kosningum og samkvæmt könnun 1. febrúar 2005.

segjast 35 prósent kjósenda myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn yrði boðað til kosninga í dag. Flokkurinn hefur mun meiri stuðning á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og segjast 38,9 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu styðja Sjálfstæðisflokkinn en 29,1 prósent kjósenda á landsbyggðinni. Samfylkingin mælist aftur á flokkur sem mest hefur fylgið, en rúm 35,2 prósent

segjast myndu kjósa Samfylkinguna. Munurinn á milli fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er þó óverulegur og ekki tölfræðilega marktækur. Samkvæmt þessu myndu báðir flokkar fá 23 þingmenn. Fylgi Vinstri-grænna hefur aðeins dalað frá síðustu könnun blaðsins í nóvember, eða úr 18,2 prósentum í 14,4 prósent. Fylgi flokksins mælist þó meira en í síðustu kosningum og myndi flokkurinn bæta við sig fjórum þingmönnum yrði kosið nú. Fylgi Frjálslynda flokksins mælist nú 6,7 prósent, sem er aðeins minna en í flokkurinn hlaut í kosningum, en er um tvöfalt fylgi flokksins í síðustu könnun blaðsins.

Hringt var í 800 manns 1. febrúar, sem skiptust jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa yrði gengið til þingkosninga nú? 56,1 prósent tók afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is



Dauphin skrifborðsstóll með 17.000 kr. afslætti!

Penninn býður nú hinn vinsæla Dauphin Shape 8374 skrifborðsstól á sérstöku tilboðsverði* Hæðarstillanleg seta og bak. „Fljótandi“ eða hallastillanleg seta. Hallastillanlegt bak. Samhæfing setu og baks, fylgir hreyfingum notandans. Hæðar- og hliðarstillanlegir armar. Mötstöðustilling í baki. Hörd eða mjúk hjól. 5 ára ábyrgð.

*Gildir út september eða á meðan birgðir endast.

Tilboðsverð kr. 59.900.-

PENNINN

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000 penninn@penninn.is, www.penninn.is

Veðrið

HLÝNAR Á NÝ Á SUNNUDAGINN Það verður kalt í dag og á morgun. Snjócoma eða el norðanlands í dag en bjartvíri syðra. Léttir til um austanvert landið á morgun með vestlægri átt og hætt við stöku eljum vestan til. Vindur skaplegur lengst af.

SUNNUDAGURINN Í vændum eru talsverð hlýndi síðla sunnudags og síðan á mánudag. Hvassvíri verður síðdegis á sunnudag og hiti fer hækkandi. Þessu fylgir talsvert vatnsveður einkum sunnan og vestan til.

Í dag

Á morgun

Sunnudagur

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	7°C skýjað	Frankfurt	7°C alskýjað	Torrevieja	15°C léttskýjað
Oslo	6°C léttskýjað	Prag	2°C alskýjað	Róm	10°C skýjað
London	11°C léttskýjað	Amsterdam	9°C léttskýjað	New York	4°C heiðskirt
Paris	9°C skýjað	Varsjá	1°C alskýjað	Miami	26°C skúrir

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Stærra og öflugra útibú - fagnaðu með okkur



Fjölskylduskemmtun á morgun kl. 13–16 í útibúi Landsbankans Laugavegi 77

Í tilefni af endurnýjun og sameiningu útibúa Landsbankans í Lágmúla 9 og að Laugavegi 77 efnum við til fjölskylduhátíðar á löngum laugardegi með vandaðri dagskrá.



- Birta og Bárður koma í heimsókn
- Ellen Kristjánsdóttir og KK flytja lög af diskinum Sálmar
- Nylon-flokkurinn syngur nokkur lög og áritar póstkort
- Andlitsmálun fyrir börnin
- Veitingar í boði
- Allir leystir út með gjöfum

Allir velkomnir

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna



KJÖRKASSINN

Fylgdist þú með Íslensku tónlistarverðlaununum?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	39,25%
Nei	60,75%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að skipt verði um formann í Samfylkingunni á þessu ári?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Nær þrjátíu manns myrtir í fyrrinótt í nýrri árásarhrinu:

Listi al-Sistanis með yfirburði

ÍRAK. AP Sameinaða íraska bandalagið, kosningabandalagið sem sjáklækurinn Ali al-Sistani kom saman, er langstærsta hreyfingin á íraska stjórnlagaþinginu samkvæmt fyrstu tölum sem birtast úr kosningunum um síðustu helgi. Þó er rétt að taka fram að þar er aðeins um hluta atkvæða að ræða, úr sex af átján héruðum landsins. Sameinaða íraska bandalagið er þrefalt stærra en næststærsti listinn, Íraski listinn undir forystu Iyad Allawi. Bandalagið

fékk frá 25 prósentum og upp í 60 prósent í ríkjunum sex og naut alls staðar mest fylgis. Þar er þó ekki um endanlegar tölur að ræða.

Vígamenn hafa hafið árástir af auknum krafti á ný eftir að lítið fór fyrir þeim fyrstu dagana eftir kosningar. Aðfaranótt fimmtudags létust 28 manns í nokkrum árásunum. Tólf þeirra sem létust voru nýliðar í íraska hernum sem voru skotnir til bana þar sem þeir ferðuðust með rútu suður af



BÚIÐ AÐ SÁRUM STÚLKU

Þessi stúlka var eitt sex barna sem særðust lítillega í sprengjuárás á bílalest Bandaríkjahers. Bandarískur hermaður bjó um sár hennar.

Kirkuk. Fimm lögreglumenn og fjórir íraskir starfsmenn íraskur herforingj létust þegar vígamenn gerðu bílalest fyrirsát og fjórir íraskir starfsmenn Bandaríkjahers létust í tveimur árásunum. ■

Skattsvik:

5 milljóna króna sekt

DÓMSMÁL Fimmtugur maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi og til að greiða 5,1 milljón króna í sekt vegna skattsvika fyrirtækis sem hann var framkvæmdastjóri hjá. Fyrirtækið hét Pandíón og rak skemmtistaðinn Club Vegas.

Hæstiréttur staðfesti þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu. Fyrirtækið sem maðurinn var framkvæmdastjóri hjá stóð hvorki skil á virðisaukaskatti né opinberum gjöldum. Maðurinn hélt því fram fyrir dómi að hann hefði ekki verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins en dómurinn taldi sannað að hann hefði verið það. Í sama máli hafði héraðsdómur áður dæmt annan mann í fjögurra mánaða fangelsi og til að greiða sjö milljóna króna sekt.

EVROPA

PÁFI Á BATAVEGI Heilsa Jóhannesar Páls II páfa fer batnandi og hann hefur ekki átt í vandræðum með andardrátt eftir að hafa verið lagður inn á sjúkrahús í Róm að sögn Vatíkansins. Páfinn verður nokkra daga enn á sjúkrahúsinu.

LEITA LANGT YFIR SKAMMT Bandarískir hermenn á herstöðinni í Incirlik í Tyrklandi verða að fara langar leiðir ætli þeir sér að skemmta sér, matast eða versla utan herstöðvarinnar. Yfirmenn þeirra bönnuðu þeim að skipta við skemmtistaði, veitingahús og búðir í nágrenni herstöðvarinnar eftir að sprengja fannst í nágrenninu.

MANNSKÆÐUR ELDSVOÐI Þrír létust þegar eldur braust út á fjórtaúndu og fimmtánda hæð íbúðabyggingar í Stevenage, norður af London höfuðborg Bretlands. Einn íbúi og tveir slökkviliðsmenn létust. Sjö til viðbótar voru lagðir inn á sjúkrahús.

Boðsferðir lækna á fimmta hundrað

Íslenskir læknar fóru í 469 utanlandsferðir í boði lyfjafyrirtækja í fyrra. Þingmaður segir reglur skorta um slíkar boðsferðir. Forstjóri Landspítala segir úrbætur hafa verið gerðar en ástæða sé til að vera á varðbergi.

HEILBRIGÐISMÁL „Það er ótrúlegt að opinberar stofnanir hafi ekki fylgst með því hversu mikið starfsmenn þeirra ferðast á kostnað hagsmunaaðila,“ segir

„Það verður að viðurkennast að þar til nýlega höfum við ekki haft áreiðanlega skráningu á þessu.“

Ásta R. Jóhannesdóttir alþingismaður um svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn hennar um utanlandsferðir lækna á kostnað lyfjafyrirtækja. Í svarinu kemur fram að íslenskir læknar fóru í 469 utanlandsferðir sem lyfjafyrirtæki greiddu fyrir. Þessar tölur byggja á könnun sem Lyfjastofnun gerði á meðal lyfjafyrirtækja, en í svari heilbrigðisráðherra segir að færstar heilbrigðisstofnanir hefðu áreiðanlegar upplýsingar um utanlandsferðir lækna sem stofnunin hefði ekki kostað. Aðeins fengust upplýsingar um fjölda ferða, ekki hversu margar læknar fóru í þær. Þá er tekið fram að þetta séu lágmarkstölur þar sem könnunin var gerð fyrir

árslok og eitt lyfjafyrirtæki svaraði ekki fyrirspurninni.

Ásta segir það umhugsunarvert hversu mikið sé um að lækna ferðist á vegum fyrirtækja. „Það fer að meðaltali einn, ef ekki tveir, á dag í slíkar ferðir á hverju ári og maður hlýtur að velja því fyrir sér hvort það sé eðlilegt.“

„Það verður að viðurkennast að þar til nýlega höfum við ekki haft áreiðanlega skráningu á þessu,“ segir Jóhannes M. Gunnarsson, forstjóri Landspítala – háskóla-sjúkrahúss. Læknar Landspítalans fóru í 289 ferðir í boði lyfjafyrirtækja í fyrra, en rúmlega fimm hundruð lækna starfa á spítalanum. Jóhann bendir á að í

UTANLANDSFERÐIR LÆKNA Á KOSTNAÐ LYFJAFYRIRTÆKJA ÁRIÐ 2004:

Heildarfjöldi ferða:	469
Læknar frá LSH:	289
Læknar frá öðrum sjúkrahúsum:	51
Læknar á heilsugæslustöðvum:	85
Sérfræðilæknar á öðrum stöðvum:	44

ágúst í fyrra hafi Landspítalinn sett reglur um samskipti lækna og söluaðila og fleiri reglur séu í farvatninu. „Það er viðhorf sumra lækna að það komi vinnuveitandanum ekki við hvað þeir geri í sínum frítíma, en okkar skoðun er að það sé ástæða til að vera á varðbergi gagnvart viðskiptamönnum spítalans. Í smíðum eru reglur um risnu starfsmanna spítalans, gjafir, kostnað ferðalaga og ráðstefnugjalda.“

Jóhannes segir að sér sé ekki kunnugt um að formlegar reglur um þessi mál séu í gildi á öðrum heilbrigðisstofnunum en minnir á samkomulag Læknafélags Íslands og lyfjafyrirtækja sem sé í svipum anda og reglur Landspítalans um samskipti lækna og söluaðila.

bergsteinn@frettabladid.is



JÓHANNES M. GUNNARSSON

ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR



Í BOÐI LYFSALANS

Forstjóri Landspítalans segir að því miður hafi spítalinn ekki haldið utan um upplýsingar um boðsferðir til lækna þar til nýlega en úrbætur hafa verið gerðar. Ásta R. Jóhannesdóttir segir Íslendinga vera aftarlega á merinni því hvarvetna á Vesturlöndum sé búið að setja viðeigandi reglur.

Fjórmenningarnir í Landssímamálinu:

Ákærðir fyrir stórfelld skattsvik

DÓMSMÁL Fjórmenningarnir sem dæmdir voru fyrir þátt sinn í Landssímamálinu á síðasta ári hafa verið ákærðir fyrir umfangsmikil brot á skattalögum. Málið sem tengist fjölbreyttum fyrirtækjarekstri félaganna var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Kristján Ra. Kristjánsson, einn fjórmenninganna, neitaði í gær nánast öllum sakargiftum í ákæru ríkislögreglustjóra en hún er samtvinnuð ákæru á hendur Árna Þór Vigfússyni, Sveinbirni Kristjánssyni og Ragnari Orra Benediktssyni, sem allir hlutu dóm í fjárdráttarmáli Landssímans. Félagarnir eru ákærðir fyrir að skila ekki sköttum af rekstri Kaffi Le ehf. að upphæð níu milljónir króna. Kristján er auk þess ákæður ásamt fyrrverandi framkvæmdastjóra Japis fyrir að standa ekki skil á rúmlega 22,5 milljónum króna. Kristján jatar



VIÐ UPPHAF ÞINGFESTINGAR Í GÆR

Vegna fjölda sakborninga í ákæru ríkislögreglustjóra og hóps áhorfenda sem stóðu í réttarsalnum varð að færa þingfestingu málsins í stærri dómssal.

að hafa ekki staðið skil á 19 milljónum af rekstri Lífsstíls og Planet Reykjavík ehf. Skuldin hafi þó nánast verið greidd að fullu. Ákæra á Árna Þór að upphæð fimm milljónir bíður þar til lögfræðingur hans kemur til lands-

ins. Sveinbjörn jatar brot sem á hann eru borin en nefnir að fjárhæðin hafi verið greidd.

Heildarupphæð ákærunnar er ríflega 47,5 milljónir króna. Öll fyrirtækin sem um ræðir eru gjaldþrota.

- gag

Stór og fallegur humar

Risarækjurnar eru komnar aftur!!

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga 10-14:30

LEIKBÆR

Rgt j yot y & kyzg & x | gr
mx Ys { h a t ot mg



Eitthvað fyrir alla

Kjöt & fisktorgið

Veldu uppáhalds bitana þína beint úr kjötborðinu

Nýtt
í Hagkaupum

Nú færðu..
tilbúna baunasúpu
beint úr kjötborðinu
sem þarf aðeins að hita!



SS fremstir fyrir bragðið

Með hverjum poka af SS saltkjöti færðu frían poka af gulum baunum

SS saltkjöt
4 tegundir valið, blandað, hálsasneiðar og lambarif

Meðan birgðir endast

Gular baunir 500 gr/pk



Snickers ís toppar 4 í pakka

TILBOÐ
299 kr/pk

Verð áður 599,-

Svínakjöts útsala

20-40%
afsláttur

Svínakótilettur

Svínakjöt á útsölu

-Gerðu góð kaup

TILBOÐ
779 kr/kg

Verð áður 1.298,-



S.F.C. grillkjúklingur

-Fljótlegt að grípa með

Gott verð
799 kr/stk

Gildir til 6. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla

Slim-Fast®

- nærir og grennir



Berglind
léttist um 7 kíló*
með Slim-Fast

* á 2 mánuðum

Með Slim-Fast sem hluta af daglegu mataræði fær líkaminn flest þau næringarefni sem hann þarfnast um leið og gengið er á aukakílóin.



Bragðgott, einfalt og fljótlegt!

Frumvarp um afnám einkasölu áfengis: Þverpólitísk samstaða

ALÞINGI Ungir sjálfstæðismenn hvetja forseta Alþingis til að taka til umræðu frumvarp er varðar sölu á léttu áfengi í matvöruverslunum.

Í tilkynningu frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna, SUS, segir að Guðlaugur Þór Þórðarson hafi ásamt fjórtán þingmönnum úr Sjálfstæðisflokki, Samfylkingu, Framsóknarflokki og Frjálslynda flokknum lagt fram frumvarp um að einkasala ÁTVR á léttvíni og bjór verði afnumin. Frumvarp af þessu tagi hafi ítrekað verið lagt fram á Alþingi og SUS hafi ítrekað ályktað að afnema beri

þessa einkasölu. Því sé skorað á forseta Alþingis að beita sér í málinu.

Guðlaugur Þór telur að stuðningur við frumvarpið sé þverpólitískur og aldurstengdur. Ungt fólk, sem hafi búið erlendis, sé vant því

að geta keypt léttvín og bjór í verslunum og sjái ekki sömu hættu í því og andstæðingar frumvarpsins. Einkasala áfengis sé tímaskekkja og í rauninni eigi hún sér bara stað á höfuðborgarsvæðinu. Víðast úti á landi séu verslanir ÁTVR inni í öðrum verslunum.

- ghs

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Guðlaugur alþingismaður fyrir framan nokkrar vínflokkur. Kannski verður í náinni framtíð hægt að kaupa svona vín í matvöruverslunum á Íslandi.



Áhrifin geta orðið veruleg á 50 árum

Vísindamenn hafa kortlagt hversu mikil áhrif loftslagsbreytingar kunna að hafa á lífríki jarðar. Ef miðað er við rannsóknir á hversu hratt loftslag hlýnar geta áhrifin orðið veruleg um miðja öldina.

LOFTSLAGSBREYTINGAR Loftslagsbreytingar geta verið farnar að hafa veruleg áhrif á líf manna um miðja öldina ef mið er tekið af skýrslu sem Bill Hare, vísindamaður við Potsdamstofnunina um loftslagsbreytingar, kynnti á loftslagsráðstefnu í Exeter. Þar dró hann saman niðurstöður fjölda rannsókna um hvaða áhrif hlýnun jarðar hefur á lífríki og félagslegar aðstæður við ákveðin stig hlýnunar.

Hare dró upp dökka mynd á ráðstefnunni. Samkvæmt henni þrengir að viðkvæmum svæðum þegar hitastig jarðar er orðið einni gráðu meira en það var að meðaltali fyrir iðnbýltinguna. Hlýni um tvær gráður verða áhrifin veruleg hvort sem er á dýralíf, gróðurfar eða aðstæður fólks.

Útlit er fyrir að Afríka verði verst fyrir barðinu á hlýnun jarðar, sagði Hare. Heimsálfan er í mikilli áhættu sama hvaða áhrif loftslagsbreytinga eru skoðuð. Hare sagði að vanþróuð lönd ættu sérstaklega á hættu að matvæskortur og hungursneyð ykjast verulega. Hann sagði þróuð ríki betur stödd en að þau gætu engan veginn talist örugg gegn þessari þróun.

„Lönríkin verða að hraða verulega tilraunum sínum til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda til að koma í veg fyrir skaðlegar loftslagsbreytingar sem hafa mikil áhrif á íbúa Afríku,“ sagði Anthony Nyong, vísindamaður við Háskólann í Jos í Nígeríu.

Hann varaði við því að loftslagsbreytingar gætu leitt til aukinnar hættu á flóðum og þurrkum og þannig aukið hættu á farsóttum.

brynjolfur@frettabladid.is



MATAST Í MALAVÍ

Loftslagsbreytingar geta leitt til þess að milljarðar einstaklinga standi frammi fyrir mataræða vatnsskortri samkvæmt nýrri skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga.

HUGSANLEG ÁHRIF OG TÍMASETNINGAR

Svona getur farið ef úttekt Hare á áhrifum hlýnunar og áætlanir um hraða hlýnunar reynist rétt.

Um 2030

Þrengir að einstökum vistkerfum. Matarframleiðsla minnkar í sumum þróunarlöndum. Vatnsskortur versnar í sumum þróunarlöndum.

Um 2050

Mikil bráðnun Norðurskautsíshellunnar ógnar ísbjörum og rostungum. Kóralríf kunna að deyja. Tíðari skógareldar og skordýraplágur við Miðjarðarhaf. Ár í Bandaríkjunum verða of heitar fyrir lax og silung. Gróðurtegundum fækkar í Fynbos í Suður-Afríku og háfjallahéruðum Evrópu og Asíu. Skógar í Kína byrja að deyja. Aukin hættu á útrýmingu viðkvæmra tegunda í Ástralíu, Mexíkó og Suður-Afríku. Hungunvofan ógnar fleirum en áður. Einn og hálfur milljarður manna stendur frammi fyrir vatnsskortri. Landsframleiðsla sumra þróunarríkja minnkar umtalsvert.

Eftir 2050

Regnskógarnir við Amazonfljótið byrja að deyja svo ekki verður aftur snúið. Kóralríf eyðast um allan heim. Alpaflóra í Evrópu, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi hverfur. Fjöldi gróðurtegunda verður útdauður. Gróðursæld Karoo í Suður-Afríku verður að auðn og bróðurpartur tegunda í Fynbos hverfur. Miklu mun fleiri eiga hungursneyð á hættu, 5,5 milljarðar búa á svæðum þar sem uppskera dregst mjög saman. Þrír milljarðar eiga vatnsskort á hættu.

Eftir 2070

Norðurskautsíshellan hverfur. Ísbirnir og rostungar deyja að líkindum út. Vatnsskortur eykst. Stór landsvæði henta ekki lengur til matvælaframleiðslu. Landsframleiðsla minnkar mikið á heimsvísu.

Heimild: Áhrif eru samkvæmt skýrslu Bill Hare. Tímasetningar eru fengnar úr frétt The Independent og byggja á annarri rannsókn.

Skjár einn má ekki nota enska þuli til að lýsa knattspyrnuleikjum:

Skrúfað niður í ensku þulunum

SJÓNVARP Útvarpsréttarnefnd beinir því til Íslenska sjónvarpsfélagsins, sem rekur Skjá einn, að hætta útsendingum á knattspyrnuleikjum sem ekki fylgir tal eða texti á íslensku. Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri Skjá eins, segir að skrúfað verði niður í ensku þulunum um helgina. Óráðið sé hvað gert verði eftir helgi.

Þorsteinn Gunnarsson, sem starfar sem íþróttafréttamaður á Stöð 2, kærði persónulega Skjá einn til útvarpsréttarnefndar. Í niðurstöðu sinni segir nefndin að útsendingar á leikjunum með ensku tali brjóti í bága við út-



varpslög. Í þeim sé skýrt kveðið á um að efni á erlendu máli sem sýnt sé á sjónvarpsstöð skuli fylgja íslenskt tal eða texti.

Magnús segir Íslenska sjónvarpsfélagið geta farið með málið fyrir dómstóla en enginn áhugi sé fyrir því. Hann segist vera með ný gögn í málinu sem hann ætli að leggja fyrir útvarpsréttarnefnd í næstu viku og þannig reyna að sannfæra hana um að breyta afstöðu sinni.

- th

ENGIN ENSK LÝSING Leikirnir sem Skjá einn ætlaði að sýna um helgina með enskum þulum verða sendir út án lýsingar.

Orka allt árið!

EKKERT
BRUÐL

GULAR MELÓNUR

95 kg KR.



HVÍTLAUKSKIPPA (3)
39 250g KR.



VATNSMELÓNUR

95 kg KR.

GRÆN/RAUÐ PAPRIKA

198 kg KR.

JONAGOLD EPLI

95 kg KR.



KÍNAKÁL

99 kg KR.

- og ómæld gleði!



GRÆN/BLÁ VÍNBER

259 kg KR.



BLÁBER - 125g

199 KR.

JARÐARBER - 250g

199 KR.



PEYTIJÓMI

98 250g KR.





HVÍTA HÚSÍÐ / SA

meiri vernd ...

Öll eigum við það sameiginlegt að vilja fá meira af því sem okkur finnst jákvætt í lífinu. Þess vegna tryggjum við hjá Sjóvá að viðskiptavinir okkar fái meira ef þeir eru í Stofni.

Þú færð meiri vernd, þú færð meiri fríðindi og þú færð meiri þjónustu ef þú ert í Stofni.



Stofn – fáðu meira

Auk hagstæðra kjara á iðgjöldum standa þér til boða ýmis önnur fríðindi:

- 10% endurgreiðsla af iðgjöldum ef þú ert tjónlaus.
- Barnabílstólar til leigu eða kaupa á sérlega góðum kjörum.
- Frí flutningstrygging fyrir búslóð í flutningi innanlands.
- Allt að 20% líftryggingarauki án endurgjalds.
- Sérlega hagstæð kjör á bílalánunum.



SJÓVÁ

Njóttu lífsins – áhyggjulaus

Tjónavakt | Viðskiptavinir Sjóvá hafa aðgang að tjónavakt allan sólarhringinn í síma **800 7112** verði þeir fyrir stórfelldu eignatjóni.

440 2000 • www.sjova.is

Sænskur forstjóri: Fékk frelsi sitt á ný

SVÍÐJÓÐ, AP Fabian Bengtsson, forstjóri og erfingi sænska stórfyrirtækisins Siba, er laus úr haldi mannræningja sem rændu honum fyrir hálfum mánuði. Skokkari fann Bengtsson þar sem hann lá í garði í miðborg Gautaborgar.

Talsmenn sænsku lögreglunnar segja að ekkert lausnargjald hafi verið greitt fyrir lausn Bengtsson. Fjölskylda hans, eigendur Siba, hafði lýst því yfir að hún væri reiðubúin að greiða lausnargjald til að tryggja að Bengtsson sneri aftur heill á húfi.

Bengtsson er að sögn við góða heilsu. ■

Skoskir þingmenn segja illa vegið að fyrrverandi konungi sínum: Vilja uppreisn æru fyrir Makbeð

SKOTLAND Makbeð Skotakonungur var alls ekki sá illvirki sem William Shakespeare lýsti í leikriti sínu og það er tími til kominn að hann fái að njóta sannmælis segir í þingsályktunartillögu sem tuttugu þingmenn á skoska þinginu hafa lagt fram. Þar leggja þeir til að árið sem nú er hafið verði kennt við Makbeð og að mynd hans verði bætt að því er The Times greinir frá.

„Makbeð hefur hlotið slæma umfjöllun vegna aðkomu Shakespeare. Hann var að öllum líkindum góður konungur og ætti að fá sakaruppjöf.“ hefur The Times eftir Alex Johnstone, ein-



MAKBEÐ Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
Hinn raunverulegi Makbeð féll í orustu, ekki fyrir hendi MacDuff heldur Malcolms.

um þingmannanna sem vilja veita Makbeð uppreisn æru.

Fyrirmyndin að Makbeð í leikriti Shakespeare er skoskur konungur sem fæddist árið 1005 og ríkti frá 1040 til 1057. Hann mun þó hafa átt lítið sameiginlegt með Makbeð leikritsins. Í leikritinu myrðir Makbeð hinn aldna, góðviljaða Duncan til að komast til valda en í raunveruleikanum lést hinn ungi konungur Duncan í orustu þar sem Makbeð kann þó að hafa átt hlut í máli. Makbeð tók við konungsdæminu þar sem sonur Duncan var of ungur til að gegna embættinu og er sagður hafa komið á lögum og reglu í landi sem laut engum lögum auk þess að hafa eflt kristni í ríki sínu. ■

Áhrif tónlistar: Djass gegn svefnleysi

RANNSÓKN Fólk sem á erfitt með svefn gæti gert margt vitlausara en að hlusta á djass áður en það fer að sofa. Samkvæmt nýrri taí-vanskri rannsókn á fólk sem hlustað hefur á djass í 45 mínútur áður en það fer að sofa, auðveldara með svefn en fólk sem hefur ekki hlustað á djass eða hefur hlustað á hraðari tónlist.

Vísindamenn fylgdust með 60 eldri borgurum sem áttu erfitt með svefn. Fólk sem byrjaði að hlusta á djass eða aðra álíka rólega tónlist áður en það fór að sofa svaf mun betur í kjölfarið að því er fram kemur á vef BBC. ■



Í ATVINNULEIT

Fólk í atvinnuleit bíður á ráðningarstofu í Duisborg í Þýskalandi.

Atvinnuástand: Versta frá stríðslokum

ÞÝSKALAND, AP Atvinnuleysi í Þýskalandi hefur ekki verið meira frá stríðslokum en það er nú og í síðasta mánuði fór fjöldi atvinnulausra Þjóðverja í fyrsta sinn yfir fimm milljónir. Ástæðan er þó að hluta til sú að breytt talning bætir 222 þúsund manns á atvinnuleysisrá.

Atvinnulausum fjölgaði um nær 600 þúsund milli mánaða, fór úr 4,5 milljónum í rétt rúmar fimm milljónir. Áður höfðu atvinnulausir mest verið 4,8 milljónir eftir lok seinni heimsstyrjaldar, það var í janúar 1998 undir lok valdaferils Helmut Kohl. Gerhard Schröder hét því að fækka atvinnulausum í 3,5 milljónir en hefur mistekist það. ■

Hýr hjónabönd: Bæjarstjóri fyrir rétt

BANDARÍKIN, AP Jason West, bæjarstjóri í New Paltz í New York ríki í Bandaríkjunum, þarf að svara til saka fyrir að hafa gefið saman samkynhneigð pör. Samkvæmt bandarískum lögum er einungis heimilt að gefa saman karl og konu en ekki einstaklinga af sama kyni.

Máli á hendur West var vísað frá þar sem dómari í því sagði vafasamt að stjórnarskrá heimiladi bann við hjónaböndum samkynhneigðra. Nú hefur annar dómari komist að þeirri niðurstöðu að málið snúist ekki um lög-mæti bannsins heldur hvort West hafi farið út fyrir valdsvið sitt. ■

Einhleypir Ítalir: Flytja seint að heiman

ÍTALÍA Meira en fjórði hver Ítali á aldrinum 30 til 34 ára býr enn í foreldrahúsum. Mun fleiri karlmenn en konur búa enn í foreldrahúsum á þessum aldri, 18 prósent kvenna eru enn í heimahúsum en 36,5 prósent karlmannna búa enn á Hótel mömmu samkvæmt útreikningum hagstofunnar Eurispes.

Nú af hverjum tíu Ítölum á aldrinum 20 til 24 ára búa enn í foreldrahúsum, og hafði fjölgað um tíu prósentustig á áratug. ■



- Myndavél
- Litaskjár
- Þyngd: 90 g
- Útvarp
- 3ja banda
- 1 MB minni
- Pólytónar o.fl.

Léttkaupsútborgun:
1.980 kr.
og 1.000 kr. á mán.
í 12 mán.

Nokia 3200

Verð aðeins:
13.980 kr.

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



- Myndavél
- Litaskjár
- 3ja banda
- Útvarp
- 4 MB minni
- Dagbók o.fl.

Léttkaupsútborgun:
1.980 kr.
og 1.250 kr. á mán.
í 12 mán.

Nokia 6610i

Verð aðeins:
16.980 kr.

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

DEBENHAMS

Útsalan

og götumarkaður

af enn meiri

Krafti

20% viðbótarafsláttur reiknast við kassa



Sjáðu

líka mikið úrval af nýjum vorvörum



DEBENHAMS

SMÁRALIND



alltaf gott - alltaf ódýrt

Mexíkósk veisla



40%
afsláttur

599
kr.kg.

Nettó ferskt nautgripahakk
verð áður 988 kr.kg.



45%
afsláttur

Ísfugl ferskur kjúklingur
verð 379 kr.kg. - verð áður 689 kr.kg.



frí
ofnhanski
með 3 keyptum
Old El Paso vörum

25%
afsláttur



30%
afsláttur

MM steiktar fiskibollur
verð 484 kr.kg. - verð áður 691 kr.kg.



30%
afsláttur

MM steiktar kjötbollur
verð 643 kr.kg. - verð áður 919 kr.kg.



2 kg.

99
kr.pk.

Kartöflur
Skrúður gullauga og rauðar



29
kr.

Doris baunir 500 gr.
verð áður 59 kr.



tvöfaldir
pakkar

899
kr.

Pampers Duo
verð áður 999 kr.



99
kr.

Náttúra rifsberjahlaup 400 gr.
verð áður 159 kr.



179
kr.

